



Fundargerð hreppsnefndar 16. desember 2014

Fundargerð

12. fundur sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps haldinn þriðjudaginn 16. desember 2014.
Fundarstaður félagsheimilið Miklagarður. Fundurinn hófst kl. 17:00.

Mættir voru: Eyjólfur Sigurðsson oddviti, Stefán Grímur Rafnsson, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Víglundur Páll Einarsson og Magnús Þór Róbertsson.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.
Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fjárhagsvandi Austurbrúar.

Hrund Snorradóttir starfsmaður Austurbrúar fór yfir fjármál Austurbrúar og þann fjárhagsvanda stofnunin á í. Þá kynnti hún tillögur sem starfsmenn og stjórn hafa unnið að með það að markmiði að ná töku á rekstri Austurbrúar til framtíðar. Grund vék síðan af fundi. Miklar umræður voru um fjármál Austurbrúar og framtíð stofnunarinnar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir að koma að endurfjármögnun Austurbrúar á þeim forsendum sem framkvæmdarstjóri Austurbrúar kynnti á fundi 12. desember sl. með stofnaðilum. Aðkoma Vopnafjarðarhrepps er háð því að öll sveitarfélög á Austurlandi komi að málinu á þeim forsendum sem kynntar voru. Þá er það krafa sveitarstjórnar að stjórn og framkvæmdarstjóri Austurbrúar upplýsi aðildarsveitarfélögin a. m. k ársfjórðungslega um fjármál stofnunarinnar.“

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fyrir fundi slitið kl. 17:40

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari